

## **Tillaga til 459. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 18. júní 2020**

Tillaga frá 539. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 10. júní sl., um að bæjarstjórn heimili breytingu á deiliskipulagi Tunguskeiðs.

### **15. Tungubraut, ósk um deiliskipulagsbreytingu vegna raðhúsalóða - 2020030055**

Nýjatún ehf. óskar eftir breytingu á deiliskipulagi vegna lóðar við Tungubraut 2-10. Fylgigögn eru tölvupóstur dags 8. júní 2020 og deiliskipulagsuppdráttur frá Stúdíó F arkitektum dags. 3. júní 2020.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að ekki sé þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga, þar sem aðliggjandi lóðir eru óbyggðar. Grenndaráhrif eru óveruleg og ekki til þess fallandi að valda skuggavarpi á aðrar lóðir né byrgja útsýni umfram það sem var.*

*Nefndin leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á deiliskipulagi Tunguskeiðs.*